


Fiskeldi Austfjarða ehf.  
Vörðu 1  
765 Djúpvogur



Reykjavík 3. maí 2018  
UST201711-204/S.P.  
08.12.02


### Lok eftirfylgni – Fiskeldi Austfjarða ehf.

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 5. febrúar sl. þar sem Fiskeldi Austfjarða ehf. var tilkynnt um áform stofnunarinnar um að leggja dagsektir á rekstraraðila vegna fráviks sem fram kom í eftirliti þann 20. september sl. á starfsstöð rekstraraðila á Berufirði.


### Frávikið er fram kom í eftirliti þann 20. september sl. var eftirfarandi:

1. Fram kemur í gr 2.9 í starfsleyfi að lífrænn úrgangur skuli vera fluttur til viðurkenndrar eyðingar eða urðunar. Misræmi er á milli skráninga í grænu bókhaldi fyrirtækisins 2014-2016 og staðfesta talna frá urðunarstaði Hornfirðinga að Lóni. Rekstraraðili gat ekki gert grein fyrir þeim mismun í eftirlitinu. Útskýringar rekstraraðila voru sendar eftirlitsaðila með tölvupósti þann 26. sept. sl. Þar kemur fram að urðun hafi farið fram á fleiri en einum stað og viðskiptayfirlit lagt fram vegna þess. Hins vegar standa enn út af nokkur tonn af lífrænum úrgang fyrir árið 2015 sem rekstraraðili skýrir með ónákvæmni í vigtun og rúmmálmælingum urðunar og að rekstraraðili hafi vísitandi lagt fram minna magn en í raun fór til urðunar, til að lækka urðunarkostnað. **Farið er fram á að skýrar verklagsreglur verði settar um meðferð og losun úrgangs til úrgangsstaða og skýrt sé að allar úrgangstölur séu lagðar fram sem rauntölur.**

Rekstraraðili hefur nú skilað inn verklagsreglum vegna fráviksins, sbr. tölvupóstur dags. 21. febrúar sl. og telst fráviki því lokið. Eftirfylgnimál sem hófst með bréfi dags. 1. desember sl. telst nú lokið. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar, nr. 535/2015 og er gjaldið **kr. 52.800.**

  
Gunnlaug H. Einarsdóttir  
sviðsstjóri

Virðingarfyllst

  
Svava Pétursdóttir  
lögfræðingur